



Fundargerð stjórnar BsVest

Fundur stjórnar BsVest haldinn í Vestrahúsinu á Ísafirði 1. september 2022 kl. 13:00.

Mætt voru:

- Ólafur Þór Ólafsson, formaður
- Arna Lára Jónsdóttir
- Jón Páll Hreinsson
- Jóhanna Ösp Einarsdóttir
- Þorgeir Pálsson
- Sif Huld Albertsdóttir framkvæmdastjóri
- Jón Hrói Finnsson ráðgjafi

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð verkefnahóps 30. September 2022
2. Mál-2022-08-53 Endurgreiðsla hlutdeildar í skaðabótum
3. Mál-2022-08-52 Ósk um greiðslu lögfræðikostnaðar
4. Mál-2022-08-Fjárhagsáætlun 2022
5. Tilkynning um nýja forstöðumann í Hvestu
6. Mál-2022-08-58 Kynning á minnisblaði um túlkun kjarasamningsákvæða er varða rétt starfsmanns til greiðslu ferðakostnaðar
7. Mál-2022-08- Bréf starfsmanna velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar um starfsemi BsVest
8. Mál-2022-08-51 Ályktun stjórnar vegna rekstrarhalla
9. Mál-2022-08- Notendaráð

1. Fundargerð verkefnihóps

Fundargerð verkefnihóps lögð fram. Í trúnaðarbókun frá fundinum er tillaga um afgreiðslu þess. Stjórn kallar eftir frekari upplýsingum og kostnaðarmati áður en hún tekur afstöðu. Afgreiðslu málsins er frestað.

2. Mál-2022-08-53 Endurgreiðsla hlutdeildar í skaðabótum

Lagt fram minnisblað Landslaga um greiðsluskyldu Byggðasamlagsins vegna skaðabóta dags. 18.8.2022. Niðurstaða Landslaga er sú að BsVest beri almennt ábyrgð á greiðslu launa og annarra kjarasamningsbundinna greiðslna, þ.m.t. umræddum kostnaði m.t.t. framkvæmdar í BsVest hingað til. Stjórn samþykkir að staðfesta ákvörðun fyrri stjórnar frá 15. desember 2021 sem felur í sér að kostnaður vegna málarekstursins sé kostnaður við rekstur byggðasamlagsins sem beri að deila á milli aðildarsveitarfélaganna.



Í minnisblaði Landslaga kemur fram að margt er óljóst í stofngögnum og samstarfssamningum byggðasamlagsins. Stjórn samþykkir að vinna verði hafin við endurskoðun samþykta, verklags og samstarfssamninga og felur framkvæmdastjóra að gera tillögu um verklag við endurskoðunina.

3. Mál-2022-08-52 Ósk um greiðslu lögfræðikostnaðar

Afgreiðslu frestað.

4. Mál-2022-08-Fjárhagsáætlun 2022

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlunina og felur framkvæmdastjóra að kynna hana aðildarsveitarfélögum. Samkvæmt henni er rekstrarniðurstaða BsVest neikvæð 192 m.kr.

5. Tilkynning um nýja forstöðumann í Hvestu

Arna Lára tilkynnti um ráðningu Sólveigar Erlingsdóttur í stöðu forstöðumanns Hvestu. Stjórn BsVest býður Sólveigu velkomna til starfa.

6. Mál-2022-08-58 Kynning á minnisblaði um túlkun kjarasamningsákvæða er varða rétt starfsmanns til greiðslu ferðakostnaðar

Arna Lára kynnti minnisblað um túlkun kjarasamningsákvæða um rétt starfsmanns til greiðslu ferðakostnaðar.

7. Mál-2022-08- Bréf starfsmanna velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar um starfsemi BsVest

Bréf starfsmanna Ísafjarðarbæjar til bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar dagsett 19. maí 2022 lagt fram til kynningar.

8. Mál-2022-08-51 Ályktun stjórnar vegna rekstrarhalla

Stjórn BsVest ályktar:

Stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks tekur undir ályktun aðalfundar BsVest og lýsir yfir miklum áhyggjum af sívaxandi halla á rekstri málaflokks fatlaðs fólks.

Aðalfundur Byggðarsamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks haldinn á Ísafirði 5. júlí 2022 lýsir yfir þungum áhyggjum á boðaðri skerðingu á framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum. Samkvæmt fyrstu áætlun jöfnunarsjóðs gefin út 29. september 2021, kemur fram að framlög til svæðisins séu kr. 545.571.000,- en samkvæmt endurskoðaðri áætlun sjóðsins munu framlög til svæðisins vera kr. 465.374.000,- en það er skerðing um kr. 80.000.000,- á milli áætlana og ljóst að slíkt tekjufall leggst þungt á rekstur á vegum byggðasamlagsins og fyrirsjáanlegt að slík skerðing hafi áhrif á þjónustu við fatlað fólk. áætlana og ljóst að slíkt tekjufall leggst þungt á rekstur á vegum byggðasamlagsins og fyrirsjáanlegt að slík skerðing hafi áhrif á þjónustu við fatlað fólk. Sveitarfélög á Vestfjörðum eru illa í stakk búin til að greiða þann halla og þessi niðurstaða mun hafa neikvæð áhrif á aðra þjónustu til íbúa og skerða þannig samkeppnishæfni samfélaganna. Er ljóst að þessi breyting kemur til án tíma til aðlögunar. Fundurinn kallar eftir auknu upplýsingaflæði og samráði við Jöfnunarsjóð hvað framlög sjóðsins varðar. Hér er um að ræða skýra birtingarmynd á vanfjármögnun ríkisins til málaflokksins og skorar aðalfundurinn á stjórnvöld að auka framlög til þjónustu við fatlað fólk“

Um nokkurra ára skeið hefur rekstur málaflokksins ekki staðið undir sér og lögbundið framlag til sveitarfélaganna og fjárframlög Jöfnunarsjóðs ekki staðið undir þeirri þjónustu sem þarf að veita. Kostnaðarþróun á þjónustu við fatlað fólk árið 2018 -2020 sem kom út í nýlegri greiningu starfshóps ráðherra sýnir að rekstrarniðurstaða landsins vegna málaflokksins var neikvæð um 8,9 milljarða króna og

hefur þá þrefaldast á síðustu þrem árum eða frá árinu 2018. Einnig er ljóst að hallinn fyrir árið 2021 er talsvert meiri.

Stjórn byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks fagnar því að skipað hafi verið í starfshóp félags- og vinnumarkaðsráðherra um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk og skorar á ráðherra að hraða vinnu hópsins þannig að hann skili af sér niðurstöðum fyrir Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 28. september nk.

Stjórn Byggðasamlags Vestfjarða óskar eftir að ályktun þessi fari fram sem ályktun á þingi FV sem haldið verður 8-10 september nk.

9. Mál-2022-08- Notendaráð

Framkvæmdastjóra og ráðgjafa falið að gera tillögur að samþykkt um notendaráð í samráði við verkefnishóp.

Fundargerð ritaði Jón Hrói Finnsson
Fundu slitið kl. 16:00